



Minnisblað – Mýrdalshreppur

Til: Þorbjörg Gísladóttir, Sveitastjóri
Frá: Vegagerðin/FG/SS
Dags: 04.október 2019
Varðar: Fyrirspurn um færslu sjóvarnarlínu til austurs

Með vísan til fyrirspurnar sveitastjóra Mýrdalshrepps 21.september 2019 síðastliðin verður hér fjallað stuttlega um sögu svæðisins og gerð grein fyrir afstöðu Vegagerðarinnar.

Á 50 ára tímabili eftir Kötlugosið 1918 gekk ströndin við Vík fram um u.þ.b. 500 m sem svarar til um 10 m á ári. Eftir 1970 breyttist uppbyggingin yfir í rof og var árlegt rof af svipaðri stærðargráðu og uppbyggingin áður. Í byrjun tíunda áratugarins var orðið ljóst að grípa þyrfti til aðgerða til að verja byggðina í Vík. Sjóvarnir voru þá á hendi Vita- og hafnamálastofnunar og stóð hún fyrir því í samvinnu við Skipulag ríkisins og Viðlagatryggingu Íslands að ákvarðaðar voru eftirlits- og varnarlínu framan við byggðina og iðnaðarsvæðið í Vík. Fyrsti áfangi þessa verkefnis var bygging flóðvarnargarðs á varnarlínunni árið 1994. Áætlunin gerði ráð fyrir að þegar rofið næði varnarlínunni þá bæri að hefja byggingu „voldugra grjótvarna“ langs eftir fjörunni.

Fylgst var með rofinu og þegar kom fram yfir aldamótin var rofið farið að nálgast eftirlitslínuna verulega og að hluta til komið yfir hana. Skoðun Siglingastofnunar, sem þá fór með málefni sjóvarna, á sandflutningum langs eftir ströndinni leiddi í ljós að hægt var að stöðva rofið í Vík með byggingu sandfangara þvert á ströndina í stað sjóvarna langs eftir henni. Fyrsti sandfangarinn var byggður við ósa Víkurár árið 2011 og hefur hann sannað gildi sitt. Annar sandfangari sem ver iðnaðarhverfið austast í Vík var byggður árið 2017 af Vegagerðinni sem þá var komin með ábyrgð á sjóvörnum.

Í drögum að nýju aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028, sem unnið var að seinni hluta árs 2011, var gert ráð fyrir stækkun iðnaðarsvæðisins austur fyrir varnarlínuna sem skilgreind var árið 1994. Í umsögn Siglingastofnunar um skipulagsdrögin frá 8. nóvember 2011 kemur fram að stækkun iðnaðarsvæðis til austurs að Kötlugarði hafi í för með sér að varnir gegn landbroti verði umfangsmeiri og dýrari en ef einungis væri verið að verja þær byggingar sem þar voru, þ.e. óbreytt iðnaðarsvæði frá fyrra skipulagi. Jafnframt kom fram í umsögninni að það væri skoðun Siglingastofnunar að umframkostnaður við sjóvarnir sem þessi skipulagsbreyting hefur í för með sér eigi ekki að greiða af ríkisframlagi til sjóvarna.

Þar er vísað til þess að samkvæmt sjóvarnalögum, nr. 28/1997, þá eru sjóvarnir varnir gegn sjávarflóðum og landbroti af völdum ágangs sjávar. Byggð svæði og svæði þar sem til staðar eru dýrmæt mannvirki eða menningarminjar skulu að jafnaði njóta forgangs við gerð sjóvarna. Undanfarna áratugi hefur túlkun þessara laga verið með þeim hætti að landvinningar sveitarfélaga með fyllingu út í sjó hafa ekki fengið styrkveitingu af sjóvarnafé.

Í aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028 sem samþykkt var í mars 2013 hefur iðnaðarsvæðið verið stækkað til austur eins og gert var ráð fyrir í þeim drögum sem Siglingastofnun gerði athugasemdir við. Þetta kemur fram á þéttbýlisuppdætti skipulagsins.



Í tengslum við vinnu við aðalskipulagsbreytingar fyrir Víkurþorp í nóvember 2015 er tillögur sem sýna stækkað iðnaðarsvæði sendar Vegagerðinni til umsagnar. Í umsögn Vegagerðarinnar frá 16. nóvember 2015 er vísað til umsagnar Siglingastofnunar frá 2011 og jafnframt kemur fram að afstaða Vegagerðarinnar er til þessa máls sé óbreytt.

Nú liggur fyrir fyrirspurn frá sveitarstjóra Mýrdalshrepps frá 21. september 2019 þar sem vísað er til funds sveitarstjórnar frá 9. ágúst s.l. þar sem rætt var um mikilvægi þess að sjóvarnarlína sem liggur austast í þorpinu verði færð austar. Í minnisblaði frá fundinum segir „Færsla sjóvarnarlínu til austurs. Hafnadeild verður beðin um faglegt mat á þessu máli, en það er mikilvægt fyrir sveitarfélagið ef hægt verður að ákvarða lóðir á nýju svæði.“

Afstaða Vegagerðarinnar í þessu máli er óbreytt. Færsla sjóvarnarlínu til austurs krefst þess að verja þarf meira land en nú er gert ráð fyrir og landið sem myndast innan varnarlínu því sambærilegt og landvinningar. Með vísan til sjóvarnarlaga og framkvæmd þeirra undanfarna áratugi þá er það skoðun Vegagerðarinnar að umframkostnaður við sjóvarnir sem þessi færsla sjóvarnarlínu hefur í för með sér eigi ekki að greiðast af ríkisframlagi til sjóvarna.

F.h. Vegagerðarinnar

Fannar Gíslason